

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag hálendismiðstöðvar í Laugafelli í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur á fundi sínum 12. janúar 2010 samþykkt nýtt deiliskipulag hálendismiðstöðvar í Laugafelli.

Í deiliskipulaginu eru markaðir byggingarreitir fyrir skála, um 6.500 m² tjaldsvæði, aðkomu og bílastæði, baðlaug, svæði fyrir rotþró og svæði fyrir sorpgáma. Deiliskipulagið heimilar einnig að tvær byggingar verði fjarlægðar.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Syðra-Laugalandi, 11. febrúar 2010.

Jónas Vigfússon sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 25. febrúar 2010